FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

# -Arfabót-

Rannsókn á bæjarrústum á Mýrdalssandi í Álftaveri,
V-Skaftafellssýslu

Skýrsla II



Bjarni F. Einarsson
2017

Forsíðumyndin sýnir vestasta rýmið (fjósið) á rústasvæðinu í rannsókn. Var það fullt af svörtum sandi/gjósku úr Kötlu. Sjá má dyrnar mót suðri og bogadreginn gaflinn mót norðri. Einnig má sjá vegg sem liggur út úr rýminu til NA í u.þ.b. 45° horni og er það sennilega heystæði/gerði. (N vísar upp. Drónamyndir nr. 04. Ljósm. BFE).

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Nóvember 2017

***Formáli***

Sumarið 2012 gróf Fornleifafræðistofan að beiðni Þórðar Tómassonar, rúst eina sem stóð við eyðibýli á Mýrdalssandi sem kallað er í dag Arfabót. Tilgangurinn var að fá úr því skorið hvort umrædd rúst voru leifar kirkju eða ekki, en Þórður taldi miklar líkur á að svo væri. Rannsóknin gat hvorki staðfest né hafnað þeirri hugmynd og urðu ekki frekari rannsóknir á staðnum að sinni. Haustið 2016 kom svo Sverrir Magnússona að máli við undirritaðan í þeim tilgangi að kanna hvort áhugi væri á því að hefja fornleifarannsókn í Arfabót sem hefði það að markmiði að grafa fram síðasta skeið bæjarins svo hann gæti orðið gestum og gangandi sýnilegur. Því var ákveðið að sækja um fé til Fornminjasjóðs og úr varð rannsókn sú sem hér verður gerð grein fyrir. Auk Fornminjasjóðs lagði Skógasafn til fé og Skaftárhreppur stóð straum að fæði og gistingu á meðan á rannsókn stóð. Rannsóknir hófust svo þann 3. júlí 2017. Auk undirritaðs tóku þátt í rannsóknunum fornleifafræðingarnir Atli Rúnarsson, Guðrún Helga Jónsdóttir, Hermann J. Hjartarson og Sigurður Snæbjörn Stefánsson. Einnig tóku þátt þau Arena Huld Steinarsdóttir fornleifafræðinemi og Þorgeir Eiríksson aðstoðarmaður, en allir ofangreindir voru við rannsóknirnar allan tíman. Að auki tók Annabell Rahm fornleifafræðingur sömuleiðis þátt í rannsóknunum í skemmri tíma.

Ýmsa aðstoð veittu þau Kristbjörg Hilmarsdóttir bóndi á Þykkvabæjarklaustri og Sverrir Magnússon forstöðumaður Byggðasafnsins í Skógum. Öllum þessum aðilum færi ég mínar bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf og góða viðkynningu.

Á meðan á rannsókninni stóð var frekar kalt í veðri og rigningarsamt. Þetta hamlaði rannsókninni lítillega, einkum ljósmyndun og drónaflugi auk þess sem einn dagur datt út.

***Lítið sögubrot (að hluta úr skýrslu I)***

Samkvæmt séra Sveini Björnssyni presti í Þykkvabæjarklaustursprestakalli sem fæddur var í Hraungerði 1792, voru engar eyðijarðir þekktar í Þykkvabæjarklaustursókn árið 1840 (Sýslu- og sóknarlýsingar 1997:222). Ekki þekktust þá heldur neinar fornleifar, enda skilningur manna og skilgreiningar á slíku með öðrum hætti en nú er.

Hundrað árum áður, eða árið 1744, taldi séra Bjarni Nicolaison á Ketilstöðum ekki heldur að fornleifar fyndust í sýslunni og reyndar ekkert sem merkilegt gæti talist (Sýslulýsingar 1957: 31,33).

Árið 1817 svaraði séra Jón Austmann fyrirspurn hinnar dönsku konunglegu fornleifanefndar (Commisionen for oldsagers opbevaring) þar sem sérstaklega var spurt um fornleifar. Einnig var spurt um rústir eða leifar fornmannabygginga „er á einhvörnhátt kynnu ad vyrdast merkilegar, sérílagi af virkium, málm- edr rauda-smidium, undirgaungum o.s.frv.“ (Frásögur 1983:XXXVII). Auk þess að nefna rústir Þykkvabæjar-klausturs þá segir hann að við Herjólfsstaði séu margir garðar eða gerði og Köldungshaug sem gæti hafa verið haugur fornmanns. Á Mýrdalssandi segir hann að hafi verið stöðug byggð (...stærk beboet Böjgd,), en hafi lagst í eyði vegna eldsuppákoma og hlaupa sem breytt hafi svæðinu í sandeyðimörk (Frásögur 1983:101).




Mynd 1. Ónákvæm staðsetning Arfabótar á Mýrdalssandi. (Land-mælingar Íslands. Kortasafn. Hluti af: Hjörleifshöfði-Þykkvabæjarklaustur. Viðbót BFE).

Það er svolítið sérstakt að séra Sveinn skuli ekki nefna neitt af þessu þó spurt hafi verið um svipaða hluti, en hugsanlega hafði drykkja og geðveiki Sveins tekið af honum völdin, enda dó hann skömmu síðar, þá búinn að tapa hempunni og heilsunni.

Árni Magnússon mun hafa skrifað eða látið skrifa fyrir sig, upptalningu á eyðijörðum á Mýrdalssandi og eru býlin býsna mörg (Einar Ólafur Sveinsson 1947:187ff). Enginn bæjanna bera þó orðið bót í sér.

Næstur til að segja frá eyðibýlum á sandinum er Jón Sigurðsson sýslumaður í Holti á Mýrdal í lýsingu sinni frá 1756 á Kötlugosi árið áður og eldri gosum (Einar Ólafur Sveinsson. Jón Sigurðsson 1905-1915:244-5). Ekki koma heldur hér við sögu bæjarnöfn með seini hlutanum bót.

Í viðbót við rit eldklerksins Jóns Eiríkssonar um Skaftárelda er skrá yfir eyðibýli í V-Skaftafellssýslu. Eru þar æði mörg býlin nefnd til sögunnar en ekkert þeirra með orðmyndinni bót í sér (Einar Ólafur 1947:190-191. Jón Eiríksson 1907-1915:53). Ekki kemur nafnhlutinn bót heldur fyrir í ferðasögum þeirra Sveins Pálssonar (1945:548) og Þorvaldar Thoroddsen (1894:70), né í eyðibýlaskrá sem skrifuð er eftir Stefáni Einarssyni árið 1918 (Jón Þorkelsson 1918-20).

Ekki verður annað af þessu ráðið en að bæjarheitin Kúabót og Arfabót séu nýleg og til komin vegna beitar skepna frá bæjunum í Álftaveri. Hver hin upprunalegu bæjarnöfn kunna að hafa verið er erfitt um að segja. Huganlega getur t.d. bæjarnafnið Lágey, Dýralækur, Lambey, Bonkanes, Litlaból,




Mynd 2. Bæjarhóllinn fyrir rannsókn. Rými C er næsta viðfangsefni, en það er væntanlega vestasta rýmið á bænum, en hann teygir sig áfram til austurs, rétt austur fyrir hina meintu kirkju. Þar gætu verið traðir beint upp af kirkjunni og austan við þær önnur rústaþyrping. Á totunni norðan (ofan) við rými A-C er rústaþyrping sem gæti verið skepnuhús. Lækurinn til austurs (hægri) er nafnlaus, en hann kann að hafa verið gamli bæjarlækurinn. (Norður er upp á myndinni. Drónamyndir 1. Ljósm. BFE 2017

Smalaskáli, Litlahraun, eða Höllustaðir átt við Arfabót. Einna helst koma til greina að mati undirritaðs annarsvegar Lágey, sem mun hafa farið í eyði 1311 skv. Jóni Eiríkssyni (1907-1915:53) og hins vegar Dýralækur. Í Lágey á að hafa verið kirkja (Jón Þorkelsson 1918-20:221). Um þetta er aðeins hægt að hafa misjafnlega óáreiðanlegar getgátur, allavega enn um sinn. Fólk með betri staðþekkingu en undirritaður geta komist mun nær hinu upprunalega nafni.

Í fyrsta Máldaga Þykkvabæjarklausturs sem varðveittur er frá árinu 1340 eru taldar upp jarðir klaustursins og þau ítök sem klaustrið á. Þar er m.a. sagt frá því að klaustrið hafi beit hesta á vetrum í landi Lágeyjar „J laghey beit ij hesta a vetrin.“ (Einar Ólafur 1947:205. Ísl. fornbréf 1893:740). Ítök þessi hafa sennilega verið í eldri máldaga klaustursins, enda sá frá 1340 byggður á honum. Stangast þetta því ekki beinlínis á við þá tilgátu að Arfabót geti verið Lágey og hún farið í eyði 1311. Máldaginn var enn í fullu gildi.

Um árið 1311 segir svo í annálum: „Landskjálfti eptir jól. Aðra Drottinsnótt ena nærstu eptir öskufall víða um land, nærstu z) nátt fyrir Pálsmessu.“ (Íslenskir annálar 1847:200). Pálsmessa er 25. janúar.

Nú er það svo að engin þekkt gos urðu árið 1311. Næsta gos í tíma var í Heklu árið 1300 og var það mikið gos. Þau gos í Kötlu sem næst eru í tíma var Katla 1262 og 1357. Voru bæði gosið allstór. Gosaskan frá 1262 barst til norðausturs og var hún 10 sm í byggð í 30 km fjarlægð. Askan frá 1357 barst til suðsuðausturs og var hún mest 26 sm í byggð í 18 km fjarlægð. Næsta gos á eftir varð árið 1416 og var það meðalstórt og féll gjóskan einkum til suðausturs. Mesta þykkt gjóskunnar er nú um 10 - 15 sm í um 30 km fjarlægð. (Guðrún Larsen o.fl. 2013:219). Þetta gos er að mati undirritaðs líklegasti sökudólgurinn sem við erum að leita að, eða sá sem varð að endingu banabiti byggðarinnar í Arfabót, en gosin á undan lögðu grunninn.

***Staðhættir (úr skýrslu I)***

Í örnefnaskrá Þykkvabæjar segir að Arfabót sé norður af Þrætu og Bólsturhólum í blöðkuhólum sem kallaðar eru bætur. Mörg bótar-örnefni er að finna á svæðinu eins og þau sem þegar hafa komið fram, Kúabót og Arfabót. Aðrar eru Skollavörðubót, Hjáleigubót, Smalaskálabót, Langabót o.s.frv. Eru þetta líklega seinni tíma nöfn að hluta sem notuð voru við melgrashóla, kallaðir melabætur (Örnefnaskrá. Þykkvibær).

Svæðið er mjög blásið og fullkomlega vonlaust til ábúðar í dag. Um það renna smálækir hingað og þangað og næst rennur nafnlaus lækur rétt austur af Arfabótinni. Koma þeir upp víðsvegar um sandinn. Landslagið einkennist af sandauðn með lágum sand- og hraunhólum á víð og dreif og mest ber á melgresi. Víða eru bleytur sem geta verið varasamar yfirferðar. Þegar útsýni er lélegt er gjarnan erfitt að átta sig á áttum og líklega mjög villugjarnt ferðamönnum.

Fjallasýnin er ægifögur þegar svo viðrar, en sjá má Öræfajökul í austri og alla fjallakeðjuna vestur að Hjörleifshöfða.

***Rannsóknin***

Rannsóknin í Arfabót hófst þann 3. júlí síðastliðinn eins og áður getur. Byrjað var á því að ljósmynda rústina, bæði úr lofti (dróna) og af landi. Gamla grunnlínan frá 2012, X 400 var framlengd vestur fyrir rústirnar og þar var sett niður járnrör við X 400 Y 430 og hæð rörsins, miðað við hæðina frá 2012, reyndist vera 9,03 m.y.s. Syðst á austurgafli hinnar meintu kirkju var hæð mæld út frá nýja hæðarpunktinum og reyndist hún vera 9,53 m.y.s.

Teknar voru stafrænar myndir á meðan á rannsókn stóð og einnig var dróni notaður til að taka loftmyndir.

Byrjað var á því að grafa niður utan við SV-horn rústanna (sjá forsíðumynd niðri til vinstri), en þar sáust ummerki um hleðslur. Þegar hornið var fundið var grafið frá því framan (sunnan) við húsin og svo norður með því. Smám saman komu dyr rýmisins í ljós og sömuleiðis var komið fyrir norðurhluta hússins, þar sem gaflinn var. Haldið var áfram að grafa til austurs fram hjá dyrunum og einnig var grafið innan úr rýminu, en rýmið heitir nú rými A. Á þennan hátt er stefnt að því að grafa fram allan bæinn og útihús á hólnum öllum.

Jarðsjármælingar sem fóru fram sumarið 2012 sýndu að rústa var víða vart á hólnum (Bjarni F. Einarsson 2013) og drónamynd studdi þessa niðurstöðu og sýndi það reyndar betur. Virðast sjálfstæð hús standa á hólnum norðvestanverðum (tvö rými samvaxin) og sömuleiðis virðast rústir vera í öllum hólnum austanverðum, með bili á milli þeirra og sjálfra bæjarrústanna, en þær eru örugglega rétt austur af rými A og heystæðinu sem liggur að því. Bil þetta gæti hafa verið traðir heim að bæ og á milli hans og hinnar meintu kirkju (mynd 2).

### *Rými A, fjós og hlaða*

Rýmið er í suðvesturhluta hólsins og er vestasta húsið á bæjarstæðinu. Breidd þess að innanmáli er 4,16 og að utanmáli 6,50 m. Lengd þess er að innanmáli 6,68 m og að utanmáli 10,20 m. Snýr það N - S. Dyr snúa mót suðri og eru 1,15 m breiðar að innanverðu og 1,02 að utanverðu og mjókka því lítillega þegar utar kom. Svipaðar dyr voru á fjósi á Gröf í Öræfum, þær voru 1,0 m innanvert og 0,7 utanvert (Gísli Gestsson 1959:36). Gröf fór í eyði 1362. Stærð rýmisins er þá um 27,8 m$^2$. Dyrnar eru ekki reiknaðar með, en stærð þeirra var um 1,8 m$^2$.



Mynd 3. Rúst A (fjós og hlaða) fyrir rannsnókn. Til vinstri má sjá þakhellur sem skriðið hafa út fyrir rústina. Hæsti hóllin er rétt austan við vegg rústarinnar, inni í rúst B, heystæðinu. (Stafrænar myndir nr. 3. Horft mót N. Ljósm. BFE 2017).

Veggir eru úr torfi (hnausum alveg í gegn) með grjóthleðslum bæði að utan og innan allan hringinn. Er breidd suðurveggjar 1,08 m, norðurgafl er 1,4 m breiður og suðurgafl 1,68 m, en það er jafnframt lengd dyranna og þar er veggurinn áberandi breiðastur. Norðurgaflinn var bogadreginn að utanverðu, en aðrar hliðar beinar.



Mynd 4. Rúst A fullrannsökuð. (Stafrænar myndir nr. 39. Horft mót N. Hóllinn til hægri er sami hóll og nefndur er við myndina á undan. Ljósm. BFE 2017).

Rýmið skiptist í tvennt, fjóshluta og hlöðu innst í rýminu. Hlaðan var 3,7 m breið og 1,8 m löng og því 6,66 m$^2$. Í NA horni hennar var veggurinn rofinn út í heystæðið og því getur verið að þar hafi heyi verið komið inn eftir atvikum. Fáeinar hellur lágu á gólfi hlöðunnar.

Í SA - og SV hornum fjóssins voru stoðarholur, um 10 sm í þvermál og með vesturveggnum voru a.m.k. þrjár til viðbótar svipaðrar stærðar. Við austurvegginn varð þessara stoðarhola ekki vart, en þó voru þar sex pinnaholur, um 4 - 5 sm breiðar. Ein var í ysta básnum og hinar fimm í

miðbásnum upp við vegg. Trúlega eru þetta holur eftir tjóðurhæla til að binda kýrnar við.

Í fjósinu hafa stoðir líklega staðið á stoðarsteinum á mörkum flórs og bása, en ekki er hægt að benda nákvæmlega á hvaða steinar hafa staðið undir stoðum, en þó hægt að leiða líkum að því.

Gólf beggja rýma voru lífræn með reitingi af viðarkolum og brenndum beinum. Óbrennd bein voru mjög morkin og þær litlu timburleifar sem fundust voru það sömuleiðis. Ekki varð vart við aurlag yfir gólfinu eins og sást í hinni meintu kirkju (sjá mynd 2), en hún liggur nokkuð lægra í landinu en fjósið sem kann að skýra þetta.

Fjóshlutinn hefur verið rúmir 21 $m^2$. Flórinn var yfirleitt um 1,2 m breiður (1,3 þar sem hann var breiðastur á kafla vestanmegin) og lengd hans 4,6 m frá hlöðu að dyrum og allur var hann hellulagður og áfram út úr húsinu. Þessi breidd flórsins er mjög á pari við fjósið á Stöng sem var á bilinu 1,1 - 1,3 m breiður (Aage Roussell 1943:92) og á Gröf var hann 70 - 1,2 m breiður (Gísli Gestsson 1959:38).

Ekki hefur verið renna undir flórhellunum enda voru hellurnar í dyrunum hærri en þær í flórnum, en hann sjálfur var nær láréttur alla leið. Nyrst var hann 8,97 m.y.s. og syðst var hann 8,96 m.y.s. Lægsti punkturinn í húsinu var í hlöðunni vestanverðri. Sérstaklega var leitað að ræsi eða rásum út úr húsinu, en ekkert slíkt fannst með vissu. Þeirri leit er þó ekki lokið. Utan á veggnum austanverðum var áberandi stór hella (um 60-70 sm í þvermál) sem lá utan í veggnum. Gegnt hellunni ofarlega í sandinum og inni í rústinni var önnur aðeins minni hella. Hugsanlega hafa þær tengst hinu ófundna ræsi sem lá í gegnum vegginn. Vísbendingar um ræsi voru fleiri.



Mynd 5. Fjósið fullrannsakað. Fyrir neðan er hluti af heystæðinu/gerðinu. (Drónamyndir nr. 12. Upp vísar í V. Ljósm. BFE 2017).



Mynd 6. Yfirlit yfir fjósið. Flórinn í miðjunni og básarnir til beggja handa. (Stafrænar myndir nr. 48. Horft mót S. Ljósm. BFE 2017).



Mynd 7. Yfirlit yfir hlöðuna og opið í NA-horni þar sem líkur eru til þess að hey hafi verið sett inn í hlöðuna. (Stafrænar myndir nr. 46. Horft mót N. Ljósm. BFE 2017).

| Nr. | Heiti | Fjöldi | Efni | Tegund | Heilt J/N | Rými | Teg. lags | Teg. mannvrkis | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Bein | - | Bein | Hestur | J/N | Hlað | Áfok | - | Mjög morkin. Utan við NV-horn hlöðu. |
| 2 | Bein | 3 | Bein | Skepnur | N | Hlað | Áfok | - | Eitt sagað leggjarbein |
| 3 | Bein | ≈10 | Bein | Skepnur | N | Hlað | Áfok | - | |
| 4 | Bein og tennur | 3 | Bein | Skepnur | N | - | Torf | - | M.a jaxlar úr kind |
| 5 | Bein | 4 | Bein | Skepnur | N | A | Torf | Fjós | Ofan á N-vegg |
| 6 | Bein og jaxlar | 5 | Bein | Skepnur | N | B | Áfok | Heystæði | Ofan á vegg |
| 7 | Steinn | 1 | Steinn | - | J | B | Áfok | Heystæði | Austan við SA horn rýmis A |
| 8 | Jaxlar | 3 | Bein | Skepnur | N | - | - | - | - |
| 9 | Rónagli | 2 | Járn | - | N | Hlað | Áfok | - | Brotinn í tvennt |
| 10 | Jaxl | 1 | Bein | Skepnur | J | Hlað | Áfok | - | - |
| 11 | Bein | 1 | Bein | Skepnur | N | A | Gólf | Fjós | - |
| 12 | Brons | 1 | Brons | - | N | A | Áfok | Hlaða | NA horni í hruni |
| 13 | Skrautsteinn | 1 | Steinn | - | J | A | Áfok | Fjós | - |
| 14 | Tré | 1 | Tré | - | N | A | Gólf | Fjós | Í pinnaholu í SV-horni. Ekki hægt að greina |
| 15 | Bein | 1 | Bein | Skepnur | Nei | A | Gólf | Fjós | Í SA-hluta |
| 16 | Jaxl | 1 | Bein | Skepnur | N | A | Gólf | Fjós | Vestarlega í V-hliðarskipi |
| 17 | Brons | 1 | Brons | - | N | A | Gólf | Fjós | Nálægt miðju V-hliðarskipi |
| 18 | Skrautsteinn | 1 | Steinn | - | J | A | Gólf | Fjós | - |
| 19 | Jaxl | 1 | Bein | Skepnur | N | A | Gólf | Hlaða | Í NV-honri |
| 20 | Járn | 1 | Járn | - | N | B | Torf | Heystæði | Ofan á A-vegg |
| 21 | Járn | 1 | Járn | - | N | B | M-lag | Heystæði | Í hliðinu |
| 22 | Bein | 2 | Bein | Skepnur | N | B | Torf | Heystæði | - |
| 23 | Járn | 1 | Járn | - | N | A | Fylling | Fjós | - |
| 24 | Bein | 1 | Bein | Skepnur | N | B | Torf | Heystæði | Ofan á NA-vegg |
| 25 | Bein | 5 | Bein | Skepnur | N | A | M-lag | Fjós | Í V-hliðarskipi |
| 26 | Járn | 1 | Járn | - | N | A | Gólf | Fjós | Á milli básahellna í gólfi |
| | | | | | | | | | |

Gripir sem fundust við rannsóknina bæði í fjósi, hlöðu og heystæði 2017.

Rétt hjá hellunni var komið niður á beinagrind úr hesti. Lá hann í sandi og hefur því drepist þarna löngu eftir að bærinn hafði verið yfirgefinn. Í þessu sambandi má minna á öll hófförin í gólfi hinnar meintu kirkju, en þau voru túlkuð sem ummerki um umferð hrossa eftir að mannvirkið var aflagt og í það hafði runnið vatn með aur.

Hliðarskipin (básarnir) voru 1,3 m á breidd (dýpt) bæði tvö og lengd þeirra 4,2 m að austan og 4,4 að vestan. Hæð þeirra yfir flór var 0,2 m. Básarnir voru ekki hellulagðir, en í austurbásunum var grjót sem gæti hafa verið á milli bása. Meðfram flórnum voru traðir sín hvoru megin, um 0,3 - 0,5 m á breidd. Að vestanverður náðu þær þó aðeins hálfa leið og við tók grjót sem myndaði boga inn í básinn, enda var flórinn breiðastur þar.

Mæld var hæð og breidd allra veggjanna við miðju hvers veggjar og voru þeir: Vesturveggur; 1,0 m breiður og 0,7 m hár. Norðurveggur; 1,5 m breiður og 1,0 m hár. Austurveggur; 0,9 m breiður og 1,1 m hár. Suðurveggur vestur af dyrum 0,9 m breiður og 1,3 m hár og suðurveggur austur af dyrum 1,8 m breiður og 1,1 m hár.



Mynd 8. Þrívíddarmynd af fjósinu og hlöðunni í Arfabót. Myndin er sett saman úr rúmlega 1000 ljósmyndum. (Ljósm. Hermann Jakob Hjartarson 2017 Sjá: https://skfb.ly/69ZJL. Þar er hægt að rúlla myndinni og skoða hvern krók og hvern kima.).

Ekki sáust beislur (básahellur), stoðarholur né timburleifar sem sýndu básaskipan, en þó mátti sjá vísbendingar í grjótinu um skiptingu rýmisins í bása og sýndust þeir vera þrír báðum megin og því hefur fjósið verið tvístætt að gerð. Engin ummerki sáust um jötur, en þannig er það yfirleitt í eldri fjósum.

Í nyrsta básnum vestanmegin var áberandi mikið grjót á gólfinu, en ekki er ljóst af hverju. Var það fjarlægt fyrir síðustu drónamyndatökuna.

Í Búalögum sem voru um verðlag og búskap á Íslandi frá 1200 til 1900, segir um fjós: „*Breijdd þess ä ad vera .xv. fet edur hälf siöunda alin. Huer bæs [fra vegg) ad flor .5. fet. Bæsinn millum stodanna ä ad vera smæmennis fadmkorn. þad er rijflegar þriær alner. edur vel sex fet firir Tuær medalkyr. Gridungur stande innst.*“ (Búalög 1915:213). Samkvæmt þessu átti fjósið að vera um 4,28 m breytt sé miðað við Hamborgaraálnir (Gísli Gestsson 1969:60). Sé hins vegar miðað við forna íslenska alin þá hefur fjósið átt að vera um 3,7 m (sami 1969:76). Lengd álna var líklega alla tíð fljótandi og því gat sú alin sem notuð er í Búalögum verið eitthvað frábrugðin þessum sem hér voru notaðar.

Samkvæmt sömu álnum átti básinn að vera 10 álnir frá vegg að flór eða 1,43 samkvæmt Hamborgaraálnum og 1,23 m samkvæmt fornum íslenskum álnum. Breiddin á básunum átti þá að vera 1,7 m eða 1,47 m samkvæmt sömu viðmiðunum. Þetta þýðir að samkvæmt Hamborgaraálnum var pláss að vestanverðu fyrir 2,59 kýr samkvæmt Hamborgaraálnum eða 2,99 kýr samkvæmt hinum fornu íslensku álnum. Að austanverðu var aðeins minna pláss. Niðurstaðan er sú að fjósið rúmaði sex kýr og hugsanlega hafa kálfar og kvígur haft minna pláss, en naut væntanlega meira pláss hafi það verið haft á bænum. Fleiri fjós gætu leynst á staðnum.

Nokkur tvístæð miðaldafjós hafa verið rannsökuð á Íslandi. Þau eru á Stöng í Þjórsárdal (Roussell 1943), Þórarinsstöðum í Hrunamannahreppi (Kristján Eldjárn 1949), Gröf í Öræfum (Gísli Gestsson 1959) og Bæ í Öræfum (Bjarni F. Einarsson 2005). Tvístæðufjós eru þekkt þegar á landnámsöld eins og Hvítárholt er dæmi um (Þór Magnússon 1973) og hugsanlega eru þau einkum á efnameiri bæjum (Bjarni F. Einarsson 2017). Einstæð fjós eru aðeins þekkt frá minni býlum eða kotum eins og Fornu-Lá, Sandártungu (Kristján Eldjárn 1951) og Skarðsseli (Bjarni F. Einarsson 2017).

Hlaðan var ekki stór sé miðað við rannsakaðar hlöður frá miðöldum á Íslandi. Á Stöng, Þórarinsstöðum, Gröf og Bæ voru hlöðurnar talsvert stærri,

jafnvel umtalsvert stærri og allar voru þær sjálftæð hús sem byggð voru við fjósin, annaðhvort áfast gafli eða langvegg. Aðeins eitt fjósanna var áfast bæjarhúsunum, en það var á Þórarinsstöðum, en var þó sjálfstætt hús. Engar eldri hlöður eru rannsakaðar hér á landi enn sem komið er.

Ef við gefum okkur að mænirinn á hlöðunni hafi risið einn m yfir hæstu veggjum, eða upp í 2,3 m þá hefur rúmmálið á henni verið um 10,8 $m^3$. Samkvæmt Gísla Gestssyni þurfti hver kýr um 20 $m^3$ af heyi á ári og jafnvel ekki meira en 15 $m^3$. (Gísli Gestsson 1959:62). Það er því nokkuð ljóst að hey hefur verið geymt annarsstaðar, eða í rými B sem túlkað hefur verið sem heystæði. Í norðaustur horni hlöðunnar var op eða gat á veggnum, inn í heystæðið. Þar hefur væntanlega heyi verið hent inn í hlöðuna eftir atvikum.

Úr húsinu voru tekin sex sýni, þar af voru fimm úr fjósinu. Þetta voru þrjú gjóskusýni, tvö jarðvegssýni/gólfsýni úr fjósi og hlöðu og eitt viðarsýni. Gjóskusýnin voru færð próf. Þorvaldi Þórðarssyni við Háskóla Íslands, en greiningu er ekki lokið. Viður (sýni 1) úr gólfi og viður (Fnr. 14) úr pinnaholu voru send til dr. Ólafs Eggertssonar hjá Skógræktarstöð ríkisins að Mógilsá. Viðurinn úr gólfinu reyndist vera úr barrvið, lerki eða greni. Hann er því rekaviður. Viðinn úr pinnaholunni reyndist ekki unnt að greina til tegundar vegna þess hve illa rotinn hann var.

Inni í fjósinu varð vart við steina sem hrunið hafa úr veggjum. Ekki er hægt að skera úr um hvort það hafi verið vegna jarðskjálfta eða hruns eftir að bærinn var yfirgefinn, en þó voru nokkrir steinanna beint á gólfinu sem er vísbending um að jarðskjálftar gætu verið orsökin, allavega að einhverju leiti. Þetta þarf að




Mynd 9. Torf í dyrum fjóssins. Myndin sýnir annaðhvort hnausa sem voru í gafli hússins sem fallið hafa niður í hana þegar viðir gáfu sig eða voru teknir til handargagns. Eða sniddur úr þakinu. Torfið lá ofan á gólfinu. X sýnir ekki nákvæma sýnatökustaði, heldur úr hvaða lögum þau voru tekin, úr þykkara og þynnra gjóskulagi. (Stafrænar myndir nr. 17. Horft mót N (upp). Ljósm. BFE 2017).



Mynd 10. Fjós og hlaða fullrannsökuð og heystæðið grafið fram. (Drónamyndir nr. 13. Norður vísar upp. Ljósm. BFE 2017).




Mynd 11. Flatarteikning af rými A, fjósi og hlöðu. Niður úr húsinu var heystæðið (rými B). Ljós grár litur sýnir veggjasteina. Milligrár litur sýnir hellur og steina í básum. Dökk grár litur sýnir flórinn og brún-grár litur sýnir steina í hlöðu og hluti þeirra gæti verið í hinu óstaðfesta ræsi sem gæti hafa legið skáhalt út úr húsinu í gegn um vesturvegginn.

hafa í huga í framhaldinu. Einnig lá nokkuð af torfi í dyrunum inn í fjósið og rétt innan við þær. Virtust þær vera úr hnausum eða sniddu. Sé þetta snidda gæti það verið úr þakinu, en sé það hnaus er það úr vegg ofan við dyrnar (sjá mynd 9). Tvö gjóskusýni voru tekin úr þessu torfi, bæði úr svörtum gjóskulögum sem voru í torfinu. Athyglisvert er að ekki var strengur á milli klambrana eins og algengt er (mynd nr. 9). Lítillega verður fjallað um torfið hér á eftir.

Ekki fannst margt gripa í fjósinu né hlöðunni og ekki voru þeir upplýsandi, en sýndu þó að fólkið í Arfabót hafði kindur og önnur stór spendýr, hafði aðgang að bronsi og rekavið. Samtals voru 27 númer skráð en af þeim voru átta gripir sem fundust í áfoki (undir fjórum númerum) og voru fimm þeirra bein og tennur, einn rónagli, einn bronsgripur og einn skrautsteinn. Í torfi, yfirleitt ofan á vegg eða í honum, fundust fjórir gripir (undir einu númeri), allt bein og tennur.

Í sjálfu fjósinu fundust 15 gripir (undir tíu númerum í gólfi eða mannvistarlagi). Að auki fundust fjórir gripir í áfoki eða fyllingu. Þeir voru einn járngripur, brons, skrautsteinn og nokkur bein í torfinu.





Mynd 12 og 13. Til vinstri er skrautsteinn (Fnr. 18) sem fannst í norðurhluta fjóssins. Mesta breidd hans var um 4,7 sm. Til hægri er járnnagli sem fannst í flórnum í fjósinu (Fnr. 26). Hann var 4,8 sm langur. (Ljósm. BFE 2017).



Mynd 14. Steinninn frá Bæ í Öræfum. Hann er einnig talinn geta hafa verið lausnarsteinn. (Fnr. 17 Ljósm. BFE 2006).

Þeir 15 gripir sem fundust í mannvistarlögum voru tréflís í pinnaholu (ekki hægt að greina og eytt við greininguna), bein og jaxlar (sex númer), brons, skrautsteinn og járn.

Í hlöðunni fannst einn gripur á gólfi, en það var jaxl úr skepnu. Annar bronsgripurinn sem fannst í áfokinu var í hruni við NA-hornið.

Skrautsteinninn í gólfi fjóssins var fallega ávalur steinn sem minnir nokkuð á lausnarsteina og hugsanlega hefur hann þótt hjálpa við mjaltirnar eða burð.

Gripir úr fjósum og hlöðum eru ekki tíðir og sem dæmi má nefna að í fjósunum á Gröf og Bæ í Öræfum fundust engir gripir (Gísli Gestsson 1959. Bjarni F. Einarsson 2007) og ekki heldur í fjósinu á Stöng í Þjórsárdal (Aage Roussell 1943). Sama á við um hlöðurnar. Svipaður steinn og steinninn sem fannst í flórnum í Arfabót fannst utan við fjósið á milli húsa á Bæ og er keimlíkur. Var hann 79.2 g en steinninn frá Arfabót var 63,4 g að þyngd.Virðast þeir vera úr sömu bergtegund.

***Rými B, heystæði/gerði***

Rými B, eða heystæðið eins og það er nú kallað, var 10 m breitt að innanmáli (A - V) og um 11,5 - 12 m að utanmáli. Lengdin (N - S) var 9,4 m að innanmáli og um 10,5 m að utanmáli. Lætur því nærri að flatarmál heystæðisins hafi verið 94 $m^2$. Hæð veggja var lík hæð veggja í fjósinu, en þó voru þeir lægri að sunnanverðu. Hversu langt var niður á óhreyft liggur ekki fyrir enn, en vísbendingar eru um að það hafi verið svipað og hliðarskip fjóssins.

Breidd veggjanna var nokkuð misjöfn, breiðust var hún að austanverðu eða allt að 1,3 m. Mjóstur var hann vestarlega á suðurvegg eða 0,5 m. Norðurveggurinn var um 1,0 m nær allur, nema þar sem hann var við fjósið, þar var hann um 0,5 m.

Grjót var í veggnum á köflum og aðeins utanvert. Var nær heil lína á norðurvegg, lítillega við SV - horn og á suðurvegg frá fjósinu að hliði sem var á suðurvegg. Var hliðið um 1,8 m á breidd. Torfið var úr hnausum sem náðu í gegnum allan vegginn.

Þegar grafið var niður í hliðinu komu í ljós ummerki um eldri vegg sem veggur heystæðisins hefur verið byggður ofan á. Sá veggur var breiðari og virtist hafa innri og ytri veggjalínu úr grjóti.

Við NV - hornið var op inn í fjósið eins og kom fram í lýsingu fjóssins/hlöðunnar. Opið hefur verið fyrir hey.

Sjálft rýmið var ekki kannað nánar, aðeins var grafið niður með veggjum að utan og innan til að fá umfangið á hreint. Gríðarlegur sandur er í rýminu sem vonir standa til að fjarlægður verði með lítilli vélgröfu.

Ekki fundust margir gripir í heystæðinu. Aðeins sex fundanúmer voru skráð í tengslum við rannsóknina á því. Allir utan einn fundust á eða við torfvegg eða í áfoki. Einn fannst í mannvistarlagi í hliðinu. Þrjú númer voru bein og jaxlar, tvö yfir járn, þar af annað í hliðinu og eitt númer með lábörðum og eldsprungnum steini. Að auki fannst eitt stórt rif ofan á vegg við hliðið sem við áætluðum að kynni að vera úr smáhveli, en því var ekki hægt að bjarga.



Mynd 15. Rými B, heystæðið að lokinni rannsókn 2017. Neðst (syðst) er hlið á heystæðinu. Þar var komið niður á eldri vegg sem tilheyrt hefur annarsskonar rými. Veggur heystæðisins hefur verið byggður nær því beint ofan á honum með eilítilli hliðrun þó. (Drónamyndir nr. 13 (hluti af). Norður vísar upp. Ljósm. BFE 2017).




Mynd 16. Flatarteikning af rými B, heystæðinu.

Aðeins eitt heystæði hefur verið rannsakað á Íslandi og það er í Herjólfsdal í Vestmannaeyjum. (Margrét Hermanns-Auðardóttir 1989). Er það frá landnámsöld og sýnir að heystæði voru nýtt strax í upphafi landnáms.




Mynd 17. Flatarteikning af rýmum A og B, fjósi, hlöðu og heystæði.

Aðeins einn m til austurs er næsta rými, rými C. Er það að líkum vestasta rými bæjarhúsanna og gæti verið skemma ef bæjarskipanin líkist Kúabót, en þar var vestasta bæjarhúsið skemma og svo kom búr og skáli í framhaldinu.

***Torfið í veggjunum***

Þegar komið var niður á veggi rýmanna og þeir hreinsaðir komu í ljós hnausar eða kekkir. Á milli þeirra var sandur sem sýndi stærð hvers hnauss/kökks nokkuð vel. Stafar þetta líklega af því að þegar rýmin voru orðin að rústum hefur vindurinn sorfið hnausana og þar sem þeir voru veikastir fyrir á samskeytunum hefur vindurinn náð að sverfa rás á milli torfanna. Sömu fyrirbæri komu í ljós við rannsóknina á hinni meintu kirkju. Hvaða gerð af hnausum þetta er nákvæmlega skal



Mynd 18. NV-horn heystæðisins, eða þar sem það gengur saman við fjósið. Sjá má einstaka hnausa í veggnum og sandinn sem aðskilur þá. (Stafrænar myndir nr. 31. Horft mót S. Ljósm. BFE 2017).

ósagt látið í bili, en varla eru þetta klömbrur eða sniddur. Hnausarnir virðast misstórir og mislaga.

Torfið hefur náð í gegnum alla veggi og þeir því ekki haft kjarna of mold eða mold og afgöngum eins og títt var á síðari tímum. Þessi tilhögun hefur líklega verið til að fá betri og stöðugri veggi og það þýðir einnig að næg torfrista hefur verið á staðnum. Stefnt er að því að grafa snið í gegnum vegg til að skoða þetta nánar þó síðar verði.

***Niðurstöður og aldur Arfabótar***

Ekki er hægt að ákvarða aldur Arfabótar enn, en svarið liggur að sumu leyti í niðurstöðum gjóskugreininganna. Getum hefur þó verið leitt að því hér að framan að gos í Kötlu árið 1411 hafi verið banabiti byggðarinnar á Mýrdalssandi. Þegar niðurstöður gjóskugreininganna liggja fyrir fæst allavega hæsti mögulegi aldur rústanna sem nú voru rannsakaðar. Líklegur aldur er á bilinu 1400 - 1500.

Ekki er hægt að bera niðurstöðurnar saman við Kúabót vegna þess að þar var fjós, hlaða og heystæði ekki rannsökuð. Svipað hús og rými A er ekki til á Íslandi þar sem lítil hlaða er í sama húsi og fjósið, með eða án þils á milli.

Fjósið í Arfabót var tvístæðufjós fyrir allt að sex gripi og hlaðan hefur rúmað u.þ.b. hálft kýrfóður. Heystæðið hefur rúmað margfalt meira, en það var 94 $m^2$ að stærð.

Nokkur munur er á örlögum hinnar meintu kirkju og rýma A og B. Vatn hefur runnið um gólf hinnar meintu kirkju, en svo virðist ekki hafa verið í rými A. Ástæðan er líklega sú að hin meinta kirkja liggur nokkuð lægra í landinu og því hefur vatn átt greiðari aðgang þar. Öll hús hafa síðan fyllst sandi sem fokið hefur um svæðið eftir að húsin voru yfirgefin og það skýrir hina góðu varðveislu á húsunum sem raun ber vitni. Bein hafa þó varðveist afar illa og timbur sömuleiðis, en það skýrist væntanlega þegar komið er niður í bæjarhúsin sjálf. Í Kúabót voru talsverðar timburleifar eða með því mesta sem gerist við íslenskar fornleifarannsóknir.

Flóð hafa ekki grandað húsunum né eyðilagt þau. Jarðskjálftar hafa ekki heldur eyðilagt þau svo að heitið geti þó þeir hafi getað valdið ótta. Hins vegar hafa tún, slægjur og beitilönd skemmst og við það var ekki búið til langframa.

Jarðsjármælingar gáfu til kynna að rústa er að vænta um nær allan hólinn, þó ekki sé hægt að telja eða afmarka einstök rými. Virðast minjarnar ná allavega niður á tæpa 2 m dýpi samkvæmt mælingunni og styðja rannsóknirnar 2017 það að mestu leyti. Einnig benda þær til þess að undir rústunum sem nú eru rannsakaðar leynist eldri minjar.

***Næstu skref***

Næsti áfangi verður að tæma heystæðið við fjósið og svo hefja rannsókn á rýminu sem næst er því til austurs. Þar er bæjarhúsanna að vænta. Gæti það verið skemma ef sama er uppi á teningnum og í Kúabót, og víðar. Skemmur

eru gjarnan ystu hús og hafa dyr í sömu átt og bæjardyrnar. Rýmið þar austur af gæti þá verið stofa eða skáli.

Tekin verða gólfsýni í þeim tilgangi að kanna hvort lýsisgerð kunni að hafa farið fram á bænum.

Ljóst er að umfangið á sandinum er svo gríðarlegt að notuð verður lítil vélgrafa (Bobcat eða sambærileg vél) til að grafa mestan sandinn ofan af rústunum og flytja hann svo á brott. Einnig er stefnt að því að grafa með sömu vélgröfu frá fjósinu, og öðrum mannvirkjum eftir atvikum, svo að rústirnar rísi betur upp úr sandinum og svæðið utan við það verði lárétt og skurðir fyllist ekki aftur af sandi.

## *Heimildir*

Barni F. Einarsson. „Inn í eilífðina á augnabliki - Bær í Öræfum. *Glettingur*. Tímarit um austfirsk málefni. 15. árg. 2.-3. tbl. 2005.

Bjarni F. Einarsson. „„Garður er granna sættir.“ Fornigarður í Vogsósum.“ *Árnesingur VII.* Ritst. Gunnar Marel Hinriksson, Már Ingólfur Másson, Skúli Sæland og Þorsteinn Tryggvi Másson. Sögufélag Árnesinga. Reykjavík 2006. Bls. 205-230.

Bjarni F. Einarsson. *Bær við Salthöfða. Eyðibýli í Öræfum*. Skýrsla IV. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2007.

Bjarni F. Einarsson. Rannsókn á meintri kirkjurúst á Mýrdalssandi í Álftaveri, V-Skaftafellssýslu. Skýrsla I. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2013.

Bjarni F. Einarsson. *Skarðssel á Landi. Fornleifarannsóknir 2016.* Landsvirkjun - Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2017.

*Búalög um verðlag og allskonar venjur í viðskiptum og búskap*. Sögufélag gaf út. Reykjavík 1915.

Einar Ólafur Sveinsson. „Byggð á Mýrdalssandi.“ *Skírnir.* Tímarit Hins ísl. bókmenntafélags CXXI. Ár. Ritst. Einar Ól. Sveinsson. Reykjavík 1947. Bls. 185-210.

Einar H. Einarsson. „ Mýrdalur.“ *Árbók Ferðafélags Íslands 1975*. Reykjavík 1975. Bls. 11-124.

*Frásögur um fornaldarleifar.* Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar. Reykjavík 1983.

Gísli Gestsson. „Álnir og kvarðar.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1968.* Reykjavík 1969. Bls. 45-78.

Gísli Gestsson. „Gröf í Öræfum“. *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1959*. Reykjavík 1959. Bls. 5-87.

Gísli Gestsson. „Kúabót“. *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1986*. Reykjavík 1987. Bls. 11-38.

Guðrún Larsen, Magnús Tumi Guðmundsson og Olgeir Sigmarsson. „Katla.“ *Náttúruvá á Íslandi. Eldgos og jarðskjálftar.* Aðalritstjóri Júlíus Sólnes. Eldgos, ritstjóri Freysteinn Sigmarsson. Jarðskjálftar, ritstjóri Bjarni Bessason. Viðlagatrygging Íslands - Háskólaútgáfan. Reykjavík 2013(b). Bls. 211-233.

Hjörleifur Stefánsson. *Af jörðu. Íslensk torfhús.* Crymogea. Í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík 2013.

